

Mættar: Guðný, Júlíana, Guðrún Hrafnhildur, Sif og Hugrún sem ritaði fundargerð

1. Búið að sækja um að Jötunheimar verði heilsueflandi leikskóli og það hefur verið samþykkt. Guðrún Hrafnhildur, Birna, Jóhanna, Þórdís Guðrún og Margrét eru í heilsuteymi leikskólans sem er í forsprakki fyrir innleiðingarferlinu. Innleiðingarferli getur verið 5-7 ár en leikskólinn stjórnar svolítið hraðanum. Nú þegar er verið að gera margt sem kröfur segja til um en hefur ekki verið komið orð á áður. Ekki verið að umturna öllu heldur gera gott betra og setja inn hægt og bítandi það sem upp á vantar. Fyrsta geðræktarverkefnið sett í gang í dag.
 - a. Foreldrum bent á að frá 1.janúar 2018 verða tannlækningar barna gjaldfrjálsar. Til þess að börn falli inn í þetta ferli er mikilvægt er að foreldrar velji sér sinn heimilistannlækni. Hægt er að gera það inn á www.sjukra.is
 - b. Foreldrar eru einnig minntir á 2 ½ árs og 4ra ára skoðun barna sinna.
 - c. Kominn er stika fyrir heilsueflandi leikskóla inni á heimsíðu leikskólans.
2. Í janúar mun síðan byrja skemmtilegt tilrauna lýðræðisverkefni þar sem ein deild hverju sinni fær að velja matinn 1x í mánuði og verður það í gangi þangað til í júní. Maturinn mun þá verða sérmerktur á matseðli.
3. Inga Dóra og Guðrún frá Menntamálastofnun voru á leikskólanum alla sl.viku vegna ytra mats hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Munnleg samantekt frá þeim lýsti ánægju með heimsóknina og voru rýnihópar ánægðir með viðtölin og heimsóknina frá þeim. Von er á skýrslu í lok febrúar.
4. Júlíana hefur sent reglulegu póst til að minna á bílastæðin. Þau eru á áætlun fyrir árið 2018 en seinni umræða á eftir að fara fram.
5. Áfalla- og slysaáætlun var lögð fyrir fræðslunefnd og sett á heimasíðu.
6. Bruna- og rýmingaráætlun hefur verið birt og á leikskólanum er verklag á hverri deild og stofu um hvernig eigi að rýma það herbergi sem þú ert í hverju sinni.
7. Verið að endurskoða jafnréttisáætlun sem verður tilbúin fyrir áramót og gildir þá fyrir árið 2018 til ársins 2020.
8. Leikskólastjórar í Árborg eru með vinnufundi 1x í mánuði og samræma verklag leikskólanna. Ákveðið hefur verið að setja starfsáætlun og starfsskýrslu í eitt plagg á næsta ári í staðinn fyrir tvö skjöl eins og áður hefur verið.
9. Matseðlar eru gerðir af Birnu matræði og stjórnendur samþykkja þá svo eða gera athugasemdir ef þess þarf. Mikil ánægja er meðal barna og starfsfólks með matinn í leikskólanum. Valin verður uppskrift mánaðarins sem verður aðgengileg foreldrum/ forráðarmönnum við hverja deild.
10. Annað:
 - a. Biðlistinn hefur verið færður yfir til leikskólastjóra og er mikið samráð milli stjórnenda um inntöku nýrra barna.
 - b. Aðgengi að skólapijónustu er mjög gott. Aðgengi talmeinafræðings ábótavant.
 - c. Hugmynd kom upp að hafa foreldrakaffi í kjölfar jólaballsins inni á hverri deild fyrir sig. Þannig geta foreldrar kynnst betur deildinni, öðrum foreldrum og börnum.
 - d. Helga Rut Hallgrímsdóttir leikskólakennari mun hefja störf í næstu viku.